

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:00, 12.04.2011

Mætt voru Ragnar Bragason, Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um stjórnarkostnað. Er hægt að lækka aðkeypta sérfræðiaðstoð? Ákveðið að gjörbreyta fyrirkomulagi á næsta aðalfundi, eingöngu verða kaffiveitingar og bakkelsi – og fundurinn verður haldinn á ódýrari stað. Möguleikinn á að lækka ferðakostnað skoðaður. En okkur er ekki stætt á að draga okkur út úr FERA, til að lækka kostnað. Þeim kostnaði hefur líka verið haldið í lágmarki. Stjórnin er sammála um að hækka félagsgjöld, þannig að þau dekki mest af rekstrarkostnaði félagsins. Rætt um hvort að félagsgjald verði hækkað. Það þarf að bera það undir félagi á næsta aðalfundi.
3. Umræður um handritaáttak félagsins. Silja og Óskar fóru á fund Laufeyjar í síðustu viku – hún tók vel í tillögur um workshop og aðrar vangaveltur um námskeið og fyrirlestra. Samþykkt að setja saman ályktun og senda á Laufey.
4. Samþykkt að rukka félagi fyrir að mæta með gesti á aðalfund.
5. Upphæðir á IHM greiðslum verða þær sömu á þessu ári og á því síðasta.

Ritari var Óskar Jónasson